

Sb.

557. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem flutt er á erlendan markað eða selt á innlendum markaði, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanna og nokkurra af helztu útflytjendum, reglur um mat, frystingu, söltun, umbúðir, merkingu kjötsins og meðferð, svo og um ráðstafanir til tryggingar því, að eðlilegur verðmunur sé gerður á tegundum og gæðaflokkum kjötsins í útsölu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.